

Endurskoða skal framangreinda skiptingu á milli aðildarsamtakanna ef eitthvert þeirra krefst þess. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót. Náist ekki samkomulag um breytingu á skiptingunni skal gerðardómur skv. 6.1. og 6.2. skera úr ágreiningnum.

Aðildarsamtök skulu úthluta einstaklingsbundið til réttihafa þar sem því verður við komið, m.a. í formi styrkja. Að öðru leyti skulu hver samtök ráðstafa sínum hluta samkvæmt reglum sem í gildi eru í hverjum þeirra fyrir sig.

- 5.3. Stjórn IHM fer jafnframt með stjórn menningarsjóðs ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

6. Gerðardómur.

- 6.1. Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem sérfróðir eru á sviði höfundaréttar.
- 6.2. Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum um meðferð einkamála í héraði.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 7.1. Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.
- 7.2. Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af 3/4 hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir réttihafa.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi samþykktir nr. 333/1993 fyri Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

Menntamálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Bórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald,
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglugerðarinnar:

1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

12. júní 1996

Nr. 335

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar 1. júlí 1996 í 15. gr. reglugerðarinnar komi: 1. október 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

10. júní 1996

Nr. 336

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

1. gr.

Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, dags. 24. maí 1996, birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Frá sama tíma hafa eldri samþykktir, dags. 5. september 1994, verið felldar úr gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. júní 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Kjartan Gunnarsson.